



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: **Samningur við Rótina um áframhaldandi rekstur Konukots**

Lagt er til að velferðarráð samþykki að Rótinni verði falinn áframhaldandi rekstur neyðarskýlis fyrir konur (Konukot) að Eskihlíð með þjónustusamningi til 3ja ára. Áætlaður kostnaður á ári nemur 137.500.000 kr. sem er innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs þann 19. ágúst 2020 var samþykkt að fela velferðarsviði að stofna til viðræðna við Rótina um rekstur neyðarskýlis. Rótin tók við rekstri Konukots þann 1. október 2020 á grundvelli þjónustusamnings. (sjá fylgiskjal).

Frá þeim tíma hafa verið gerðir tveir viðaukar við samninginn. Sá fyrri í desember 2021 sem laut að hækkun samningsfjárhæðar um 29 m.kr. Stöðu teymisstýru var komið á, breytingar gerðar á vaktaáætlunum m.a. vegna þess að ekki var lengur hægt að reiða sig á framlag sjálfboðaliða. Til viðbótar tók Rótin að sér að veita stuðning til íbúa í smáhúsum í nágrenni Konukots. Sá seinni var gerður í febrúar 2023 til að mæta breytingum á starfsmati sem leiddi til launahækkana eða 11.865.806 kr. á mánuði á tímabilinu frá 1. maí 2023 til 1. október 2023.

Núgildandi samningur við Rótina um rekstur Konukots rennur úr í lok september 2023. Rótin hefur óskað eftir að reka Konukot áfram en gerir þær kröfur að samningurinn geri þeim kleift að standa undir þeim kjarasamningi sem gerðir hafa verið við/verða gerðir við Eflingu.

Í meðfylgjandi ársskýrslu kemur fram að Rótin hefur innleitt þjónandi leiðsögn í Konukoti en hún vinni mjög vel með skaðaminnkun, áfalla- og kynjamiðaðri nálgun þar sem áhersla er á að draga úr valdmiðaðri nálgun og gera þjónustuna notenda- og mannréttindamiðaðri. Lögð var mikil vinna í að þjónusta notendur samkvæmt þeirri hugmyndafræði sem er í miklum samhljómi við áfallamiðaða nálgun og skaðaminnkun. Að mati Rótarinnar hefur áhersla á gæðastarf og breytta nálgun í starfi með innleiðingu þjónandi leiðsagnar og áfallamiðaðrar nálgunar m.a. leitt til þess að frávisunum fækkaði úr 38 árið 2021 í fjórar árið 2022. Engin alvarleg líkamsárás var gerð á starfskonu árið 2022. Útköllum sjúkrabíla fækkaði einnig um 40% á milli 2021 og 2022.

Samstarf velferðarsviðs og Rótarinnar um rekstur Konukots hefur verið náíð á samningstímanum og gengið vel.

Fylgiskjöl:

Drög að samningi velferðarsviðs og Rótarinnar um rekstur neyðarskýlis fyrir konur

Ársskýrsla Konukots 2022